

Forsætisráðuneytið  
b/t. Skrifstofa stefnumála  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2019

## **Efni: Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði (Mál nr. 230/2019)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til þess að koma sjónarmiðum á framfæri um mælikvarða um hagsæld og lífsgæði. Um alllangt skeið hefur ráðið talað fyrir því að stefna stjórnvalda þurfi í sem mestu mæli að fylgja mælanlegum markmiðum og því ber að fagna framtakinu. Skýrslan er gott fyrsta skref, með góðum tillögum og geta stjórnvöld að mörgu leyti byggt á henni. Engu að síður eru nokkur atriði sem Viðskiptaráð vill benda á og telur mikilvægt að höfð séu í huga við næstu skref.

### **Söknum mælikvarða á samkeppnishæfni**

Í opnu hagkerfi sem byggir tilveru sína á utanríkisviðskiptum og alþjóðlegum samskiptum skiptir samkeppnishæfni einna mestu máli fyrir þróun hagsældar og lífsgæða. Nákvæm skilgreining á samkeppnishæfni er nokkuð misjöfn en snýr þó alltaf að því hvernig umhverfi ríki búa til að skapa þegnum tækifæri til að starfa í alþjóðlegu umhverfi. Samkvæmt IMD viðskiptaháskólanum, sem Viðskiptaráð vinnur í samstarfi við um úttekt á samkeppnishæfni, er samkeppnishæfni skilgreind sem: „*Hvernig ríki stuðla að umhverfi þar sem fyrirtæki geta á sjálfbæran hátt skapað verðmæti.*”<sup>1</sup>

Í ljósi mikilvægis samkeppnishæfni fyrir velsæld og lífsgæði söknum við þess vegna að ekki sé mælikvarði/ar um samkeppnishæfni í skýrslunni. Hægt væri að nota t.d. niðurstöður úr úttekt IMD á samkeppnishæfni eða nota valda mælikvarða úr slíkum úttektum.

### **Mikill ókostur að upplýsingar úr lífskjararannsókn séu þriggja ára gamlar**

Nokkuð margir þættir, eða um þriðjungur mælikvarðanna að því er virðist, koma úr lífskjararannsókn Hagstofunnar. Í sjálfu sér er hún gott viðmið enda hluti af sameiginlegu evrópsku lífskjararannsókninni. Þó má setja tvo fyrirvara við lífskjararannsóknina hér. Í fyrsta lagi hafa niðurstöður úr lífskjararannsókninni ekki birst síðan fyrir árið 2016 sem eru þriggja ára gamlar upplýsingar. Óheppilegt er að byggja á svo gömlum upplýsingum þegar margt getur breyst hratt á skömmum tíma. Í öðru lagi er varasamt að byggja svo stóran hluta af mælikvörðunum á einstakri rannsókn og þar með einu úrtaki. Heppilegra væri ef unnt er að byggja á fjölbreyttari rannsókn. Í þessu samhengi má benda á mælikvarða sem notaðir eru í mælingum á vísitölu félagslegra framfara (SPI), sem gætu verið nytsamlegir.<sup>2</sup>

### **Tekjumælikvarðar án tekna**

Mikilvægt er að hafa góða og helst fleiri en einn eða tvo mælikvarða á tekjur landsmanna. Ágætir mælikvarðar eru um tekjur í skýrslunni en það sem skýtur vægast sagt skökku við er að mælikvarðarnir í undirþættinum „tekjur“ mæla einvörðungu tekjujöfnuð og fátækt en ekki hvernig

<sup>1</sup> Úttekt Viðskiptaráðs á samkeppnishæfni Íslands 2019: <https://vi.is/malefnastarf/utgafa/island-upp-um-fjogur-saeti-i-samkeppnishaefti2019/>

<sup>2</sup> Niðurstöður Íslands í SPI 2019: <https://www.socialprogress.org/?tab=2&code=ISL>

tekjur landsmanna eru og þróast almennt. Skýrara væri að hafa kaupmátt ráðstöfunartekna og jafnvel fleiri mælikvarða á tekjur með í þessum flokki eða þá að skýra þennan undirpátt viðeigandi heiti, eins og „Jöfnuður og fátækt“.

### **Reyna að halda mælikvörðum í lágmarki – óþarfi að hafa tvo mælikvarða á skuldir heimila**

Þó að benda megi á mælikvarða sem vantar í skýrsluna ættu stjórnvöld samt sem áður að stefna að því að hafa mælikvarðana eins fáa og mögulegt er. Í skýrslunni eru til að mynda tveir mjög sambærilegir mælikvarðar á skuldir heimila. Einfaldara væri að fella skuldir heimila alfarið undir undirpáttinn „skuldastaða hins opinbera, heimila og fyrirtækja“.

### **Vantar mælikvarða á ytra jafnvægi þjóðarbúsins**

Á sama tíma og tveir mælikvarðar eru um skuldir heimila er enginn mælikvarði á erlendar skuldir og ytra jafnvægi þjóðarbúsins. Ekki þarf að fjölyrða um hvað síðustu áratugir hafa kennt okkur um mikilvægi þess að stuðla að ytra jafnvægi eigna, skulda og utanríksviðskipta. Því væri rétt að hafa viðskiptajöfnuð og/eða hreina erlenda stöðu þjóðarbúsins í undirþættinum „hagkerfið“.

### **Verðbólga sem frávik frá verðbólgu markmiði**

Of mikil verðbólga getur verið mjög skaðleg eins og landsmenn þekkja allt of vel. Þess vegna er mikilvægt að verðbólga sé einn af mælikvörðunum sem falla undir „hagkerfið“. Engu að síður er of lítil verðbólga og hvað þá verðhjöðnun ekki endilega góð. Því væri æskilegt að setja verðbólgu fram ásamt verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands.

### **Takmörk fyrir því hversu mikið traust er gott**

Um fleiri mælikvarða má segja að einhverskonar hámark eða lágmark sé æskilegt – stundum er einhverskonar millivegur æskilegastur. Því má stalda við mælikvarðann um traust til stjórnmalakerfisins. Gott er að landsmenn geti treyst stjórnvöldum, en að sama skapi verða landsmenn að geta veitt aðhald og spurt stjórnvöld gagnrýnna spurninga. Því má spyrja hvort hæfileg tortryggni sé ekki betri en algjört traust á stjórnvöldum.

### **Menntunarmælikvarðar í takt við þarfir atvinnulífs og samfélags**

Mælikvarðar nyrum menntun eru almennt séð góðir en þó mætti hafa í huga til framtíðar hvort menntun sé í samræmi við þarfir atvinnulífsins og samfélagsins í heild. Vísbendingar eru um að svo sé ekki alltaf eins og Viðskiptaráð hefur fjallað um.<sup>3</sup> Ekki er augljóst hvernig það væri gert en þó blasir við að það skiptir til dæmis máli að ekki sé áhersla á að mennta bara smíði þegar það vantar aðallega málara. Vonandi getur þó boðuð vinna um færniþörf á vinnumarkaði komið að gagni hér.

### **Æskilegt að taka inn unnar stundir á mælikvarða þjóðhagsreikninga**

Á síðasta ári birti Hagstofa Íslands í fyrsta sinn tölur um vinnumagn skv. þjóðhagsreikingum eða nýtt mat á því hversu margar stundir eru í raun unnar á hverju ári hér á landi. Niðurstöðurnar voru nokkuð á skjön við aðrar hagtölur og var fjallað um það í umsögn Viðskiptaráðs um styttingu vinnuvikunnar.<sup>4</sup> Mælikvarðinn er góð viðbót í flóru hagtalna um vinnumarkaðinn og í ljósi þess hve vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar virðist vera gölluð er mikilvægt að horfa til fleiri mælikvarða.

<sup>3</sup> Skoðun – Markaðsbrestur í menntun: <https://vi.is/malefnastarf/utgafa/skidanir/markadsbrestur-i-menntun-hvad-er-til-rada/>

<sup>4</sup> Umsögn um styttingu vinnuvikunnar: <https://vi.is/malefnastarf/umsagnir/halfsannleikur-og-fylgnivilla-i-styttingu-vinnuvikunnar/>

## Gagnaframsetning þarf að vera eins og best er á kosið

Þegar stjórnvöld huga að þeim mælikvörðum sem stefnumótun á að miða við skiptir gríðarlega miklu máli að þeir mælikvarðar og gögn um þá séu settir fram á sem skýrastan hátt. Í skýrslunni má gera betur í þeim málum. Í fyrsta lagi heyrir til undantekninga ef getið er heimilda við myndir sem sýna stöðu eða þróun mælkvarðanna. Aðeins er að finna óbeinar tilvísanir í hvaða gögnin koma í meginmáli sem er ekki nægilega skýrt. Í öðru lagi verður ætíð að vera skýrt hvað er á y-ás grafa. Á mynd 24 af verðbólgu vantar t.d. að taka fram að um sé að ræða prósentur. Enn óskýrari er mynd 49 um sót og svifryk. Í þriðja lagi er óheppilegt að láta tvær mismunandi tímaraðir renna sama í eina líkt á á mynd 1 af meðalævilengd. Þar er 5 ára meðaltölum raðað upp og svo árgildum í kjölfarið á því, sem eru í hluta af 5 ára meðaltölunum þannig að framsetningin verður ruglingsleg.

### „Þróunarmælikvarðar Íslands“?

Það skiptir máli hvaða nafni hlutirnir eru kallaðir og það gildir um þá mælikvarða sem fjallað er um í skýrslunni. Mælikvarðarnir verða helst að mæla þróun yfir tíma og til að hægt verði að meta árangur stjórnvalda skiptir þróun þeirra lykilmáli. Þá má benda á bein þýðing Heimsmarkmiðanna er „Sjálfbær þróunarmarkmið“ (e. Sustainable Development Goals) og um heim allan eiga ríki í þróunarsamvinnu þar sem unnið er að fjölbreyttum markmiðum til að bæta líf fólks í takt við marga þá þætti sem hér er lagt upp með. Því hlýtur að koma til greina að kalla mælikvarðana, þegar þeir hafa verið betur mótaðir og innleiddir í stefnumótun, *Þróunarmælikvarða Íslands*.

**Viðskiptaráð leggur til að mælikvarðarnir og notkun þeirra verði þróuð áfram að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.**

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands